

## D.2 Vinnumarkaður



ATVINNUVEGA OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

## D.2- Vinnumarkaður

### Inngangur



- Mikil fjölgun starfa innan ferðþjónustu hefur átt sér stað undanfarin ár samhliða vexti greinarinnar. Vísunum í þessum kafla er ætla að varpa ljósi á vinnuaflið í ferðþjónustunni og samsetningu þess miðað við aldur, kyn og þjóðerni. Að auki er vísir sem mælir með beinum hætti fjölda brautskráninga úr námi sem tengist einna helst ferðþjónustu.
- Gögn um vinnuafli í ferðþjónustu eru fremur takmörkuð, sérstaklega hvað varðar aldur þeirra sem vinna í greininni. Takmarkaðar ályktanir er þar af leiðandi hægt að draga.
- Erlendum launþegum sem starfa í ferðþjónustu hefur fjölgað á undanförunum árum og eftirspurn greinarinnar eftir starfsfólki hefur að vissu marki verið mætt með erlendum launþegum. Áhugvert verður að fylgjast með hlutdeild erlendra launþega í ferðþjónustu ef breytingar verða á umsvifum greinarinnar á næstu misserum.
- Þörf er á frekari rannsóknum á meðal annars samsetningu vinnuafls í ferðþjónustu og hvernig það hefur þróast.
- Þölmörk eru ekki sett fyrir vísa á vinnumarkaði. Ekki verður séð hvar setja ætti þölmörk gagnvart hlutdeild ungs fólks eða erlendu vinnuafli af heildarfjölda starfsfólks í greininni. Frekari rannsókn er þörf á þessum vísunum til að ákveða þölmörk fyrir þá.
- Nauðsynlegt er að fylgjast vel með samsetningu vinnuaflsins í ferðþjónustunni þar sem það gefur til kynna, samhliða öðrum gögnum, hvernig greinin þróast.



## D.2- Vinnumarkaður

### Inngangur

- Á undanförunum árum hefur innflytjendum<sup>1</sup> sem starfa í ferðaþjónustu fjölgað mikið. Huga þarf að því á næstu árum að taka saman gögn um fjölda erlendra launþega frekar en fjölda innflytjenda. Gögnin sem notast er við eru frá Hagstofu og byggja þau á staðgreiðsluskrá og mögulegt er að sami einstaklingur vinni á fleiri en einum stað og komi þar af leiðandi tvisvar fram í gagnasafninu.
- Í gögnunum kemur fram fjöldinn skv. staðgreiðsluskrá og hefur hann aukist úr tæplega 3.000 árið 2008 í nærri 9.000 árið 2017.
- Á efri myndinni hér til hliðar má sjá hlutdeild innflytjenda af öllum starfandi í ferðaþjónustu fyrir kynin. Hlutdeildin var um 15% fyrir karla og um 18% fyrir konur árið 2008 en var orðin 26% fyrir karla og 28% fyrir konur árið 2017. Samandregið var hlutdeild innflytjenda 27%.
- Í samanburði við alla innflytjendur á vinnumarkaði skv. staðgreiðsluskrá er um 10 prósentustigum hærra hlutdeild hjá körlum í ferðaþjónustu og um 13 prósentustigum hærra hlutdeild hjá konum í ferðaþjónustu.
- Hlutdeild innflytjenda í sjávarútvegi er hærra en í ferðaþjónustu, 35%, en áþekk í byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu, 25%.
- Í samanburði OECD frá 2015 kemur fram að hlutdeild erlends vinnuafls er um 4 prósentum lægra í ferðaþjónustu hérlandis en að meðaltali í OECD löndunum.
- Kynjahlutallið hefur verið jafnara í ferðaþjónustu samanborið við vinnumarkað í heild (sjá neðri mynd). Konur hafa verið eilítið fleiri í ferðaþjónustu á undanförunum árum en árið 2017 var hlutfallið jafnt. Á vinnumarkaði í heild hafa karlar verið nokkru fleiri og voru um 53% árið 2017.



<sup>1</sup>Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. (Hagstofan, 2019)





## D.2- Vinnumarkaður

### Inngangur

- Einungis er hægt að greina aldur starfsfólks í ferðaþjónustu á mjög breiðu aldursbili, eða 16-74 ára og 25-64 ára. Vinnuafli í ferðaþjónustu er yngri að meðaltali samanborið við vinnumarkað í heild.
- Hátt hlutfall ungs starfsfólks í ferðaþjónustu getur verið merki um mikil atvinnutækifæri í greininni og samkeppnishæfni hennar við aðrar greinar hjá ungu fólki.
- Hlutdeild kvenna á aldursbilinu 25-64 ára var um 13 prósentum lægra samanborið við vinnumarkað í heild. Sama hlutfall hjá körlum var um 9 prósentum lægra.
- Á neðri myndinni má sjá brautskráningar af námsbrautum tengdum ferðaþjónustu. Um er að ræða samanlagðan fjölda brautskráninga af háskóla-, framhaldsskóla- og viðbótarstigi. Ef litið er til brautskráninga af námssviðinu Hótel, veitingahúsa og veisluþjónustu hefur sá fjöldi aukist síðan árið 2005 en var svipaður fyrir rúmlega 20 árum síðan. Mikil aukning hefur verið í brautskráningum tengdum ferðum, ferðamennsku og afþreyingu.
- Hæfnissetur ferðaþjónustunnar hefur verið komið á fót og er ætlað að meðal annars auka hæfni starfsfólks og gæði innan greinarinnar, enda er það skoðun erlendra ferðamanna að bæta þurfi gæði í ferðaþjónustu.
- Í væntanlegri könnun Ferðamálastofu meðal starfsfólks í ferðaþjónustu er meðal annars spurt hvort starfsmenn séu líklegir til að starfa áfram innan ferðaþjónustu (e. turnover intention).

Allir starfandi




## D.2- Vinnumarkaður

Vísir	D.2.1 Fjöldi starfsmanna í ferðaþjónustu eftir aldri	D.2.2 Fjöldi starfsmanna í ferðaþjónustu eftir kyni	D.2.3 Fjöldi starfsmanna í ferðaþjónustu eftir þjóðerni	D.2.4 Brautskráningar af sviðum sem tengjast einna helst ferðaþjónustu
Lýsing vísis				
Uppruni gagna	Notast er við skrárgögn Hagstofu um vinnuafl. Notast er við einkennandi greinar ferðaþjónustu og heildarfjölda. Hagstofa byggir sína úrvinnslu á staðgreiðsluskrá.	Notast er við skrárgögn Hagstofu um vinnuafl. Notast er við einkennandi greinar ferðaþjónustu og heildarfjölda. Hagstofa byggir sína úrvinnslu á staðgreiðsluskrá.	Notast er við skrárgögn Hagstofu um vinnuafl. Notast er við einkennandi greinar ferðaþjónustu og heildarfjölda. Hagstofa byggir sína úrvinnslu á staðgreiðsluskrá.	Gögnin koma frá Hagstofu. Nánar tiltekið gögnum um brautskráningar eftir námsbrautunum i) Hótel, veitingahús og veitingaþjónusta og ii) ferðir, ferðamennska og afþreying.
Eining vísis	Hlutfall	Hlutfall kynjanna.	Hlutfall starfsmanna sem eru innflytjendur.	Fjöldi brautskráninga.
Undir þolmörkum				
Farið að nálgast þolmörk				
Yfir þolmörkum				
Þolmörk og rök fyrir þeim	Þolmörk ekki sett þar sem rannsóknir vantar.	Þolmörk ekki sett þar sem rannsóknir vantar.	Þolmörk ekki sett þar sem rannsóknir vantar. Alþjóðlegur samanburður til hjá Eurostat.	Þolmörk ekki sett þar sem rannsóknir vantar.
Viðbótarupplýsingar (sjá viðauka)				

## D.2- Vinnumarkaður

### Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum



Núverandi

2% vöxtur

5% vöxtur

### Túlkun, tímarammi og kostnaður

- Ekki er unnt að meta hvernig samsetning vinnuafis mun þróast miðað við aldur og kyn ef fjöldi ferðamanna eykst um 2% eða 5%.
- Á undanförunum árum hefur vinnuafli í ferðaþjónustu verið nokkru yngra en almennt gerist á vinnumarkaði og gera má ráð fyrir að svo verði áfram. Hlutfallið milli kynjanna hefur verið mjög jafnt og jafnara en á almennum vinnumarkaði og búast má við að svo verði áfram.
- Með því að líta til sambands fjölda innflytjenda sem starfa í greininni og ferðamanna má með einföldum hætti setja fram fjölda innflytjenda sem starfa í greininni ef sambandið heldur áfram. Framsetningin tekur ekki tillit til meðal annars framtíðarlauna eða annarra lífsgæða sem stafsfolk vegur og metur við ákvörðun um að vinna hérlendis.
- Miðað við 2% vöxt getur fjöldi starfsfólks verið um 11 þúsund og miðað við 5% vöxt um 15 þúsund.
- Aukning í fjölda innflytjenda sem starfa í greininni er því um 3 til 6 þúsund eftir því hvort miðað er við 2% eða 5% fjölgun ferðamanna. Slík aukning í mannfjölda mun ein og sér hafa áhrif á fjölmarga innviði og samfélagslega þætti eins og húsnæðismarkað.